

Skipulagsstofnun

B.t. Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík

**Efni: Ljárskógar í Dalabyggð – skógræktaráform.**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 15.09. 2023, þar sem óskað er umsagnar Vegagerðarinnar um ofangreind áform. Vegagerðin hefur yfirfarið greinagerð um verkefnið, í samræmi við hlutverk stofnunarinnar og gerir ekki athugasemd.

Síða 1/1

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Sigurður Friðgeir Friðriksson

*Undirskrift*SIGURÐUR FRIÐGEIR

Vegagerðin
Suðurláun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105

Garðabær, 15. október 2023
Málsnúmer: 202309-0015
BK/OKV/RT

Efni: Ljárskógar í Dölum - Skógrækt

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 15. september 2023, þar sem Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu vegna fyrirhugaðrar 5.500 ha skógræktar í landi Ljárskóga í Dölum.

Landeigandi Ljárskóga í Dalabyggð hyggst, í samstarfi við Yggdrasill Carbon ehf., hefja skógrækt á landi sínu og er fyrirhugað skógræktarsvæði um 5.500 hektarar. Markmið verkefnisins eru nokkur: Mikilvægt framlag til loftslagsmála, að búa til beitarskóg, byggja upp skógarauðlind og í kjölfarið, í samstarfi við sauðfjárþændur, græða upp landið.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér greinargerð um verkefnið og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Náttúrufræðistofnun veitti þann 3. apríl 2023 umsögn varðandi umsókn Yggdrasill Carbon um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt á jörðinni Ljárskógum. Var þar um að ræða tæplega 200 ha skógrækt á svæði sem liggur sunnar en svæðið sem hér er til umfjöllunar. Ítrekuð eru skilaboð Náttúrufræðistofnunar að öll skógræktaráform á jörðinni séu skoðuð sem ein framkvæmd.

Fyrirhugað skógræktarsvæði er á svæði þar sem vænta má mikils þéttleika vaðfugla sem þrífast ekki í skóglendi auk þess sem hluti þess hefur verið skilgreindur sem mikilvægt fuglasvæði fyrir himbrima og álft. Þá eru á svæðinu vistgerðir með mjög hátt verndargildi.

Í ljósi mikils umfangs verkefnisins telur Náttúrufræðistofnun það nauðsynlegt að fram fari mat á umhverfisáhrifum skógræktaráforma í landi Ljárskóga á fuglalíf, gróðurfar, jarðminjar og landslag.

Meðal annars þarf að leggja mat á búsvæðatap vaðfugla við framkvæmdina og þarf í því sambandi líka að horfa til jaðaráhrifa skóglendis á þéttleika vaðfugla (Pálsdóttir o.fl. 2022). Samkvæmt greinargerð er gert ráð fyrir að kortleggja votlendisvistgerðir á svæðinu en kortleggja ætti allar vistgerðir á svæðinu í heild. Verndargildi vistgerða hefur verið metið, meðal annars út frá kolefnisforða, grósku og tegundafjölda (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016). Stofnunin telur að líta eigi til þess mats við val á svæðum til útplöntunar og hlífa vistgerðum með hátt verndargildi. Þau gögn gætu nýst sem grunnur til að meta kolefnisbindingu sem þegar á sér stað í náttúrulegum vistlendum innan svæðisins. Í framhaldi er mikilvægt að gera mælingar til að sýna fram á þá bindingu sem framkvæmdirnar eiga að stuðla að.

Þá er einnig mikilvægt að lagt sé greinargott mat á áhrif skógræktarinnar á landslag og metin ásýndaráhrif auk þess að skoða hver áhrif framkvæmdarinnar eru á jarðminjar.



Heimildir:

Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016. Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. 299 s. https://utgafa.ni.is/fjolrit/fjolrit_54.pdf

Pálsdóttir, A. E., Gill, J. A., Alves, J. A., Pálsson, S., Méndez, V., Ewing, H. & Gunnarsson, T. G. 2022. Subarctic afforestation: Effects of forest plantations on ground-nesting birds in lowland Iceland. *Journal of Applied Ecology*, 59(10), 2456–2467. <https://doi.org/10.1111/1365-2664.14238>

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar



Skipulagsstofnun
Borgartún 7
105 Reykjavík

Reykjavík, 22. september 2023
UST202309-156/B.S.
10.05.00

Efni: Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu- Ljárskógar í Dölum - skógrækt.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 15. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Fyrirhuguð er skógrækt á allt að 5.500 hektara svæði í landi Ljárskóg í Dalabyggð. Ráðgert er að gróðursetja í að minnsta kosti 400 ha árlega.

Tilgreind markmið með framkvæmdinni er að þjóna sem framlag til loftslagsmála, skapa skilyrði til fjárbeitar inni í skógræktinni, stuðla að atvinnusköpun, byggja upp skógarauðlind og að græða upp landið.

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að hugað sé að skógrækt og landgræðslu og hér er um að ræða verkefni sem nær yfir stórt landsvæði og gera má ráð fyrir að ráðist verði í svipaðar eða sambærilegar framkvæmdum á næstu árum og áratugum. Því telur Umhverfisstofnun að fara eigi fram nákvæm greining á áhrifum slíkra framkvæmda, sem í mörgum tilfellum getur valdið umtalsverðum umhverfisáhrifum.

Votlendi og fuglalíf

Aðstæðum á svæðinu er lýst þannig í greinargerð á bls. 5-6: *“Mikið af vötnum og tjörnum eru um allt svæðið og lækir sem liggja milli þessara vatna og tjarna. Silungur er í vötnum og vatnafuglar hafa þar búsvæði. Áin Fáskrúð liggur með norðurhluta svæðisins, þar er lax og verið er að byggja ána upp sem veiðiá. Nokkuð er um votlendi, sérstaklega neðst á svæðinu þar sem eru votlendisfuglar, en á þurrari svæðum eru mófuglar ríkjandi.”*

Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdin er fyrirhuguð innan mikilvægs fuglasvæðis á Laxárdalsheiði auk þess sem gróðurfar svæðisins er að stórum hluta votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum og vistgerðir sem eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Umhverfisstofnun telur að taka verði mið af verndargildi votlendisins og að við gróðursetningu verði að taka tillit til nálægs votlendis þannig að trjágróður þurrki ekki upp votlendi og valdi með þeim hætti eyðileggingu búsvæða og aukinni losun. Votlendingin á Laxárdalsheiði eru sérlega mikilvæg fyrir álftrir og himbrima en himbrimi er á valista sem tegund í yfirvofandi hættu (VU) á Íslandi vegna þess hversu lítill stofninn er í Evrópu vegna fækkunar í stofninum.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þau sjónarmið að ekki skuli rækta skóg í votlendi vegna verndargildis má víða finna í fagritum um skógrækt eins og t.d. í The UK Forestry Standard, en þar segir m.a. á bls. 44: *“Avoid establishing new forests on soils with peat exceeding 50 cm in depth and on sites that would compromise the hydrology of adjacent bog or wetland habitats.”*¹

Umhverfisstofnun bendir á hvað varðar skipulag skógar nálægt búsvæðum álfta og himbrima ber að hafa í huga að þessar tegundir þurfa langar aðflugslínur til að geta lent og tekið á loft og óvíst að það helgunarsvæði sem tegundunum er gefið sé nógu langt til þess að koma í veg fyrir árekstra við tré. Skógræktin mun væntanlega hafa afgerandi áhrif á mólendis- og votlendisfugla.

Í greinargerðinni stendur að skóglendisfuglum muni fjölga en mólendisfuglar færi sig út fyrir skógræktarsvæðið. Ekki er ljóst hvort hér sé um misskilning að ræða en þetta gæti þarfnast skýringar. Afleiðingin af þessu er auðvitað fækkun mólendisfugla, enda eru ekki auð óðöl fyrir þá að sækja í heldur munu þeir sem yfirgefa svæðið þurfa að keppa við aðra fugla um óðöl. Umhverfisstofnun bendir að þegar fugla færa sig um set getur það fækkun einstaklinga í viðkomandi tegund.

Í þessu samhengi ber að nefna að Ísland ber ábyrgð á stofnum ýmissa fugla sem verða fyrir neikvæðum áhrifum, til dæmis heiðlóa, sandlóa, spói, jaðrakan, stelkur, sendlingur og himbrimi.

Líffræðileg fjölbreytni

Á bls. 10 segir m.a. í greinargerð: *“Mikinn líffræðilegan fjölbreytileika má finna í skógi, hvort sem um barrskóg eða laufskóg er að ræða. Er það öðruvísi líffræðilegur fjölbreytileiki en nú er að finna á svæðinu. Því kemur líffræðilegur fjölbreytileiki til með að breytast.”*

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að ekki er lagður fram frekari rökstuðningur á þessari staðhæfingu sem virðist ganga nokkuð gegn því sem ætla mátti. Búsvæðaeyðing, ekki loftslagsbreytingar, eru helsta ástæða þess að dýrategundir eru í hættu og hér er um að ræða umfangsmikla búsvæðaeyðingu. Almenna reglan er sú að náttúruleg vistkerfi og fjölbreytt landslag eru rík af líffræðilegum fjölbreytileika. Hér eru slík vistkerfi tekin undir einsleita skógrækt með trjátegundum sem eiga sér fáar fylgилífverur á Íslandi. Því má búast við því að fyrirhuguð skógrækt rýri líffræðilegan fjölbreytileika verulega og varanlega, líka fjölbreytileika jarðvegssveppa sem fjallað er stuttlega um á blaðsíðu 10, enda vaxa svepprætur með flestöllum plöntutegundum, ekki aðeins erlendum skógartrjám.

Umhverfisstofnun vill einnig benda á tilefni til að benda á ítrekaðar áhyggjur fræðimanna um loftslagsskógrækt með erlendum trjátegundum vegna neikvæðra áhrifa á líffræðilegan fjölbreytileika. Nýlega skrifaði prófessor í vistfræði til dæmis að hún skoraði „á yfirvöld og sveitarfélög að endurskoða aðgerðaráætlanir sínar og skipulag um landnýtingu með það í huga að stöðva ósjálfbæra skógrækt í nafni loftslags,²“ og lýsti þar skógrækt sem er að nánast öllu leyti eins og sú sem lýst er í greinargerðinni fyrir Ljárskóga.

¹ https://assets.publishing.service.gov.uk/media/5aa28e64ed915d4f595c5213/The_UK_Forestry_Standard.pdf

² [Skógrækt er ekki alltaf sjálfsögð sem loftslagaðgerð - Heimildin](#)

Einnig er tilefni til að benda á að í regluverki Evrópusambandsins um sjálfbærar fjárfestingar er sérstaklega kveðið á um að loftslagsskógrækt með erlendum trjátegundum sé almennt ekki sjálfbær kostur vegna áhrifa hennar á líffræðilegan fjölbreytileika.³

Sjá ennfremur: Because the overstory composition acts as a filter for understory vegetation communities (Kutnar et al., 2023), intensively managed forest plantations of a single tree species (monocultures) provide little to no variability in understory microclimate or microhabitats, and therefore do not allow establishment of diverse understory communities, making them “biological deserts” (Brockerhoff et al., 2008).

Vatnafar

Í greinargerð segir m.a. á bls. 10: „Skógar bæta næringarástand í ám og vötnum, sem að leiðir af sér meiri fiskgengd og aukna frjósemi hjá fiskum og öðrum dýrum sem lifa í/á og við vötn og straumsvötn.“

Umhverfisstofnun telur ekki er ljóst hvort hér sé um misskilning að ræða. Aukin næring í vötnum og ám er ekki vísbending um gott ástand vistkerfa né leiðir aukin næring endilega til bættrar afkomu fiska og annarra lífvera. Ef skógræktin hefur áhrif á næringarmagn í nærliggjandi vötnum og ám þarf að gæta varúðar og meta vel hver þau áhrif verða til að ekki skapist hætta á ofauðgun eða hruni vistkerfa vegna of mikillar næringar. Þar sem hér er verið að íhuga stórfellda skógrækt á svæði þar sem er að finna votlendi af ýmsu tagi og ætti því að skoða möguleg áhrif skógræktar á vatnsbúskap svæðisins í heild. Eftirfarandi tilvitnun er úr UK Forestry Standard bls. 7 þar sem segir m.a.: „Many forest management practices can impact on the water environment as a result of soil and vegetation disturbance or through the alteration of the pathways of water movement. Poor forest management can diminish or reverse the benefits provided by forests and woodlands, contribute to local flooding and risk severe water pollution (e.g. by increasing sediment run-off and water turbidity). Although larger-scale forest operations generally pose the greatest risk, small-scale working can also cause significant water problems.“

Í sama riti á bls. 8 má finna eftirfarandi leiðbeiningar um æskileg jaðarsvæði til að tryggja gæði votlendis:

„Many forest management practices can impact on the water environment as a result of soil and vegetation disturbance or through the alteration of the pathways of water movement. Poor forest management can diminish or reverse the benefits provided by forests and woodlands, contribute to local flooding and risk severe water pollution (e.g. by increasing sediment run-off and water turbidity). Although larger-scale forest operations generally pose the greatest risk, small-scale working can also cause significant water problems.“

Kolefnisbinding

Á bls. 11 í greinargerð segir m.a.: „Skógur bindur mikið kolefni bæði ofan- og neðanjarðar. Venjulega þegar talað er um kolefnisbindingu í skógi er verið að tala um ofanjarðar

³ <https://ec.europa.eu/sustainable-finance-taxonomy/activities/activity/143/view>

bindingu sem er í stofni og greinum trjána. Skógur af þessari stærð er því mikilvægur í baráttunni gegn loftslagsbreytingum.”

Á bls. 16 í greinargerð er lýst hvernig staðið verði að gróðursetningu í því verkefni sem hér um ræðir þar sem m.a. verður notast við plóga og herfi við gróðursetningu.

Umhverfisstofnun varar við því að raska jarðvegi við undirbúning skógræktarinnar þar sem landið er vel gróið og jarðvegur geymir mikið magn kolefnis. Það sé ekki í anda loftslagsverkefnis að rjúfa gróðurpekju á landi sem býr nú þegar yfir miklu kolefni auk þess sem það samræmist illa markmiðum verkefnisins að vernda jarðveg og þjóna sem aðgerð gegn loftslagsbreytingum. Víða í leiðbeiningum er varað við þessu verklagi þar sem umbylting jarðvegs stuðlar að losum köfnunarefni úr jarðveginum en jarðvegur er sem kunnt er stærsta kolefnisgeymsla jarðarinnar.

Um þetta atriði segir ennfremur í Leiðbeiningum Evrópusambandsins bls. 23: *„Ploughing and other site preparation operations affect not only fungi and soil health. Depending on the scale of the operation, they may also impact forest resilience, as these operations can have negative effects on the abundance of species that help to reduce harmful forests pests⁵⁸. Furthermore, ploughing operations can have negative climate mitigation impacts, due to the induced release of CO₂ following the disturbance of soils. The impact of heavy machinery and building access roads can lead to superficial and deep impacts. These include: • soil erosion, removal, displacement and compaction; • rutting and puddling, followed by hydromorphy; • soil asphyxiation; • stimulating the germination of competing social herbaceous or semi-ligneous species.”⁴*

Fyrirhugað er að nota greni, lerki, furu og ösp á ræktunarsvæðinu. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að það kemur fram í sjálfbærniðmiðum í flokkunarreglugerð Evrópusambandsins eigi ekki að nota erlendar trjategundir í loftslagsskógrækt ef skógræktin á að vera sjálfbær. Í leiðbeiningum Evrópusambandsins: *Guidelines on Biodiversity-Friendly Afforestation, Reforestation and Tree Plants 2023* segir að reyna eigi að blanda saman trjategundum í stað þess að gróðursetja stór svæði með sömu tegund og að forðast eigi beinar línur, huga að aðlögun að landi og gefa gaum að því að mynda rjóður til að auka birtu í skógarbotni og þar sem stuðla að fjölbreyttara lífríki.

Ennfremur segir í greinargerð á bls. 18: *„Fullbúin ræktunaráætlun er kostnaðarsöm og tímafrek og því hefur eingöngu almenn umsögn um svæðið og verkefnið verið sett saman.”*

Umhverfisstofnun telur að þegar um jafn mikla framkvæmd er að ræða eins og umrætt skógræktarverkefni verða að liggja fyrir góð gögn um framkvæmdasvæðið þannig að tryggt verði að verkefnið heppnist sem best. Í leiðbeiningum Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins segir m.a. um undirbúning slíkra verkefna: *„While initially appearing to be positive, this can also cause a loss of non-forest biodiversity associated with open ecosystems, as light-demanding low-level vegetation is replaced by trees 19. Moreover, if the area is not correctly chosen, in the long term the newly established forest stands might suffer due to unfavourable abiotic and biotic conditions, leading to the failure of the*

⁴ https://environment.ec.europa.eu/publications/guidelines-biodiversity-friendly-afforestation-reforestation-and-tree-planting_en

afforestation effort. There are several examples in scientific literature that outline the necessity to evaluate the plot and to practice adaptive management before and while acting, in order to reap all the benefits and avoid possible damage.”⁵

Umhverfisstofnun telur að áður en ráðist er í verkefni af þessu tagi eigi að meta kolefnisbindingu í þeim jarðvegi sem fyrir er til að forðast að umbylta jarðvegi sem bindur mikið kolefni eða geymir mikið kolefni nú þegar. Þetta sé gert til að skógræktin auki ekki losun fyrstu áratugina eða raski vistkerfum sem geyma þegar mikið kolefni: *“The soil-intrinsic characteristics must always be assessed, to ensure you avoid inadequate afforestation projects and always promote biodiversity.”⁶*

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að þegar um er að ræða jafn stórt verkefni sem mun á löngum tíma gjörbreyta ásýnd lands sé nauðsynlegt að nákvæm úttekt fari fram á fyrirhuguðu ræktunarsvæði þar sem könnuð verði kolefnisbinding í jarðvegi, gróðurfar og ekki síst vatnafar á ræktunarsvæðinu. Bent skal á að undanfarin sumur hafa verið það þurr að ár og lækir á svæðinu og þar á meðal áin Fáskrúð hafa verið það vatnslitlar að rætt hefur verið að gera miðlunarlón á heiðinni til að tryggja nægilegt rennsli í ánni. Einnig þarf að tryggja að kolefnisbinding ætluð til sölu þarf að uppfylla kröfur um raunbindingu og varanleika bindingar.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun líklegt að umrædd framkvæmd geti haft umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og eigi því að vera háð mati á umhverfisáhrifum. Meta þurfi kosti þess að sleppa því að ráðast í framkvæmdir á þeim svæðum sem þegar búa yfir heilbrigðum vistkerfum, vistkerfum sem njóta sérstakrar verndar vegna gróðurfars, fuglaverndarsjónarmiða eða sem njóta annarrar sérstakrar verndar. Enn fremur þurfi að meta kosti þess að rækta upp skóg með innlendum trjátegunum til endurheimtar þess skóglendis sem hefur tapast og til verndar líffræðilegum fjölbreytileika í stað þess að nota erlendar trjátegunir. Hafa ber í huga að aðgerðir gegn loftslagsbreytingum eru mikilvægar fyrir samfélög, efnahag og umhverfi en það sé líffræðilegur fjölbreytileiki einnig. Því verði að tvinna aðgerðir í loftslagsmálum saman við verndarsjónarmið líffræðilegs fjölbreytileika.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Axel Benediktsson

⁵ https://environment.ec.europa.eu/publications/guidelines-biodiversity-friendly-afforestation-reforestation-and-tree-planting_en

⁶ https://environment.ec.europa.eu/publications/guidelines-biodiversity-friendly-afforestation-reforestation-and-tree-planting_en

sérfræðingur



Skipulagsstofnun
Bt Þórdísar Stellu Erlingsdóttur
Borgartúni 5b
105 Reykjavík

Gunnarsholti, 15. október 2023

Efni: Ljárskógar í Dölum, skógrækt 5.500 ha

Landgræðslunni barst til umsagnar 5.500 ha skógræktaráform landeigenda að Ljárskógum. Landgræðslan hefur kynnt sér áformin og byggir umsögn stofnunarinnar á lögum um landgræðslu nr. 155/2018, einkum er lýtur að vernd- og endurheimt vistkerfa og sjálfbærri nýtingu lands.

Það er nýlunda og um leið jákvætt að horft sé heildstætt á verkefnið þ.e. á alla 5500 ha fremur en smærri bletti eins og tíðkast hefur. Það kallar hins vegar á heildstæða gagnaöflun og heildstætt mat á áhrifum svo stórtækrar skógræktar á umhverfi og vistkerfi svæðisins sem ekki liggur fyrir á þessu stigi.

Fela verður sérfræðingum á viðeigandi sviði að greina jarðveg og gróður á hverjum stað/svæði fyrir sig og kanna hvers eðlis hann er og hvert er ástand hans er áður en hafist er handa við undirbúning og gróðursetningu.

Kanna þarf sérstaklega áhrif rasks sem óumflýjanlega fylgir svo miklum áformunum, s.s. herfingu og slóðagerð, sem kemur af stað losun kolefnis frá jarðveginum til langs tíma. Í því sambandi er mikilvægt að setja áætlaða kolefnisbindingu í samhengi við allan lífsferil plöntunnar, þ.e. frá herfingu til skógarhöggs.

Gera þarf áætlun um hvernig skuli hirða skóginn en einnig hvernig vöktun á svæðinu verði háttað verði áformin að veruleika. Jafnframt hvernig verði komið í veg fyrir að þær erlendu trjátegundir sem nefndar eru og fyrirhugað er að planta dreifi sér út fyrir ræktunina. Einnig áætlun um hvernig og í hvaða tilgangi skuli nýta viðinn þegar þar að kemur.

Landgræðslan gerir ekki frekari athugasemdir við skógræktaráform landeigenda að Ljárskógum en er reiðubúin til að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti er að verksviði hennar snúa.

F.h. Landgræðslunnar,
Davíð Arnar Stefánsson,

Skipulagsstofnun
Bt Þórdísar Stells Erlingsdóttur
Borgartúni 5b
105 Reykjavík

Dags. 27. september 2023
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2023-0215

Með erindi dags. 15. september sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um áform um 5.500 ha skógrækt Ljárskógar í Dölum.

Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemd við áform þessi.

Virðingarfyllt,
fh. Veðurstofu Íslands



Hlíf Sævarsdóttir
Sérfræðingur á rekstrarsviði

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Stykkishólmur, 3. október 2023
MÍ202310-0010/ 6.10 / M.A.S.

Minjavörður Vesturlands
Hafnargata 3 340
Stykkishólmur (354) 570 13
12 (354) 895 18 80
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Efni: Dalabyggð. Skógræktaráform í Ljárskógum

Með tölvupósti, dagsettum 15. september 2023, óskaði Skipulagsgáttin eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um Tilkynningu um framkvæmd (Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu), nr. 0602/2023.

Magnús A Sigurðsson
Minjavörður
magnus@minjastofnun.is

Verkefnið sem um ræðir eru skógræktaráform landeiganda Ljárskóga, landnr. 13576, í Dalabyggð. Jörðin er um 11.000 hektarar en fyrirhugað skógræktarsvæði nær yfir um 5.500 hektara. Stofnað verður félag um þessa skógrækt. Fyrstu hugmyndir þeirra sem standa að verkinu eru að gróðursetja í að minnsta kosti 400 hektara árlega. Landinu hefur þegar verið deilt niður í 200 ha reiti og yrði því plantað í a.m.k. tvo reiti árlega þar til verkefninu líkur.

Engin fornleifaskráning fór fram á sínum tíma við aðalskipulagsgerð Dalabyggðar, svo svæðið sem fer undir tilvonandi skógrækt hefur ekki verið skráð.

Í Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 segir í kafla 3.3.2: *Skráning fornleifa skal fara fram á deiliskipulagsstigi og áður en ráðist er í bygginga- eða framkvæmdaleyfis skyldar framkvæmdir og er það í samræmi við gildandi lög um menningarminjar, en þar segir í 16. gr. um fornleifaskráningu: Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út **skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.***

Í 15. gr. segir jafnframt: *Fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningu á tilteknu svæði telst ekki lokið fyrr en skráin hefur hlotið staðfestingu Minjastofnunar Íslands. Í reglum nr. 620/2019 er fjallað frekar um þetta, en þar segir í 5. gr.: Óheimilt er að veita byggingar- eða framkvæmdaleyfi án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Áður en sveitarstjórn samþykkir framkvæmdaleyfi eða byggingarleyfi skal hún ganga úr skugga um*

að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja hafi farið fram á vettvangi skv. lögum um menningarminjar.

Skrá þarf fornleifar á fyrirhuguðu skógræktarsvæði samkvæmt stöðlum Minjastofnunar Íslands m.t.t. heimildavinnu, vettvangsvinnu og skila á gögnum. En umfang vettvangsvinnunnar má taka mið af eðli skipulagssvæðisins.

Við heimildavinnu skal fara yfir viðeigandi ritheimildir, ræða við heimildamenn og skoða loftmyndir. Við vettvangsvinnu þarf að skrá allar fornleifar sem heimildir eru um. Þess fyrir utan þarf að lágmarki að ganga og skrá öll fyrirhuguð framkvæmdasvæði. Enn fremur, ef viðkomandi fornleifafræðingur metur við yfirferð loftmynda, t.a.m. út frá gróður- og vatnafari, að einstök svæði séu líkleg til að geyma fornleifar þá skulu þau svæði, í samráði við minjavörð, einnig gengin og skráð á vettvangi.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: *„Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar....*

Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Virðingarfyllst,

Magnús A Sigurðsson
Minjavörður Vesturlands



Hvalfjarðarsveit 20. október 2023

-Skipulagsstofnun /Skipulagsgátt.

Umsögn : Áform um skógrækt í landi Ljárskóga Dalabyggð-

Heilbrigðiseftirliti Vesturlands (HeV) hefur farið yfir gögn á Skipulagsgátt vegna áforma um skógrækt í landi Ljárskóga í Dölum. Gögn málsins bera heitið – „Skógræktaráform í Ljárskógum. Greinargerð um verkefnið“, dagsett 14. september 2023, og unnin af Ríkey Ástu Þorsteindóttur og Valdimar Reynissyni.

Um er að ræða afar umfangsmikil áform um skógrækt á um 5.500 hektara lands en jörð Ljárskóga telst vera um 11.000 hektarar.

Vel er farið yfir verkefnið í greinargerðinni sem mun ná einhverja áratugi fram í tímann. Vegna umfangs og stærðar þessa skógræktarverkefnis, er framkvæmdin háð 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Samkvæmt 19. gr. um framkvæmdir sem kunna að vera háðar umhverfismati eru það framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki B í 1. viðauka laganna sem eru háðar umhverfismati þegar þær eru taldar líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar. Í viðauka 1 laga nr. 111/2021, nánar tiltekið lið 1.04 kemur fram að nýræktun skóga sem tekur til 200 ha eða stærra svæðis falli undir flokk B.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands telur að í matskýrslu og framkvæmdaáætlun verði ávallt að taka tillit til vatnsverndar í sinni víðustu mynd, t.d að ganga úr skugga um hvort einhver vatnsból eru á fyrirhuguðu skógræktarsvæði, fara þarf með gát með vinnuvélar á framkvæmdasvæði, geymslu eldsneytistanka og mögulegrí mengunar af þeirra völdum. Þá þarf einnig að gæta að áburðarnotkun á tré í nágrenni við vötn, ár og læki, þ.e að áburður skolist ekki beint í viðtaka og að magn áburðar sé ekki meira en nauðsynlegt getur talist.

Ef til þess kemur að starfsmannabúðir verði settar upp vegna verkefnisins eins og fram kemur á blaðsíðu 15 í greinargerð, þarf að huga að fráveitumálum og að gæði neysluvatns á staðnum standist ákvæði reglugerðar um neysluvatn nr. 536/2001



f.h Heilbrigðiseftirlits Vesturlands

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

16.október 2023
2023-10-35/0.11.2

Efni: Umsögn Landsnets um matsskyldufyrirspurn vegna skógræktaráforma í landi Ljárskóga í Dölum

Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu vegna áforma um 5.500 ha skógrækt í landi Ljárskóga í Dölum er til kynningar í Skipulagsgáttinni, mál nr. 0602/2023. Umsagnafrestur er til 15. október 2023.

Landsnet hefur farið yfir kynnt gögn. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.

Í fyrirspurnarskýrslunni kemur fram að ekki sé vitað til þess að á svæðinu séu háspennulínur sem taka þurfi tillit til. Landsnet vekur athygli á að um Laxárdalsheiði liggur *Glerárskógalína 1*, en hún er 132 kV loftlína á vegur fyrirtækisins. Ekki er gerð grein fyrir legu línunnar og afstöðu skógræktarsvæðis til hennar í skýrslunni. Óljóst er því hvort fyrirhuguð skógrækt liggja nærri háspennulínunni eða helgunarsvæði hennar. Landsnet bendir á kortavefsjá fyrirtækisins <https://www.map.is/landsnet/> en þar má sjá nákvæma legu línunnar.

Samkvæmt reglugerð um raforkuvirki nr. 678/2008 skal af öryggisástæðum skilgreina lágmarksfjarlægðir raflína til annarra mannvirkja. Helgunarsvæði loftlína er breytilegt og er ákvarðað í hverju tilviki eftir gerð mannvirkisins í samræmi við íslenska staðla. Breidd svæðisins fer m.a. eftir spennu, hæð mastra og bili milli mastra. Dæmigerð breidd helgunarsvæðis 132 kV loftlínu er 35 – 45 m, þ.e. 17,5 – 22,5 m til hvorrar handar frá línunni.

Innan helgunarsvæðis loftlína gildir byggingarbann þ.e. á því svæði er óheimilt að reisa mannvirki og skógrækt er takmörkunum háð, en ýmis önnur landnotkun er leyfð. Frekari upplýsingar um skipulag og framkvæmdir við háspennulínur er að finna í leiðbeiningabæklingnum *Háspennulínur – aðgát skal höfð*¹ sem er að finna á heimasíðu Landsnets.

Tryggja þarf að fyrirhugaðar framkvæmdir skarist ekki við helgunarsvæði ofangreindrar háspennulínu. Einnig þarf að tryggja að möguleg skógrækt verði í samræmi við reglur um fjarlægðir trjáa til háspennulína, sbr. ofangreindan leiðbeiningabækling. Mikilvægt er að afhendingaröryggi rafmagns verði ekki ógnað og jafnframt að gætt verði að persónuöryggi þeirra sem fara um svæðið eða starfa á því.

Landsnet bendir á að taka þarf mið af Kerfisáætlun fyrirtækisins við mat á áhrifum skógræktar á svæðinu. Flutningsleið rafmagns frá meginflutningskerfinu til Vestfjarða liggur um Laxárdalsheiði. Truflanir á afhendingu til Vestfjarða eru tíðar og var tvítenging þess svæðis meginviðfangsefni langtímaáætlunar Kerfisáætlunar 2021-2030². Einn af þeim valkostum til styrkingar flutningskerfisins á Vestfjörðum sem voru til skoðunar í áætluninni er ný byggðalína um Laxárdalsheiði frá Hrutatungu að Mjólka. Fyrir liggur að það þarf að endurnýja bæði tengivirkin í Geiradal og á Glerárskógum, en endurnýjun þeirra er mikilvægur liður í því að tryggja afhendingaröryggi rafmagns á svæðinu. Á næstu 20 árum þarf einnig að endurnýja bæði Glerárskógalínu 1 og Geiradalslínu 1 sem tengja Vestfirði við meginflutningskerfið. Á heimasíðu Landsnets má finna frekari umfjöllun um styrkingu flutningskerfisins á Vestfjörðum³. Unnið er að mótun Kerfisáætlunar 2023-2032⁴.

¹ <https://www.landsnet.is/library?itemid=3621e393-da27-4fe6-904e-76d3373f4932>

² <https://www.landsnet.is/page/a5d4e523-fbee-4a8c-862c-60bb676f0f80>

³ <https://www.landsnet.is/utgafa-og-samskipti/ritogskyrslur/>

⁴ <https://www.landsnet.is/utgafa-og-samskipti/ritogskyrslur/kerfisaaetlun-2023-2032/>

Landsnet telur mikilvægt að fyrirhuguð skógrækt í landi Ljaskóga sé unnin í samtali við Landsnet í ljósi ofangreindra áforma Landsnets um styrkingu flutningskerfisins og fjallað er um í kerfisáætlun. Landsnet bendir á að leyfi fyrirtækisins þarf vegna vinnu nálægt flutningsvirki í rekstri.

Virðingarfyllt

Rut Kristinsdóttir
Sérfræðingur umhverfismála

Undirritunarsíða

Rut Kristinsdóttir

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Búðardalur 30. október 2023

Efni: Umsögn Dalabyggðar um matskyldufyrirspurn vegna skógræktar í landi Ljárskóga

Vísað er til tilkynningar til ákvörðunar um matskyldu vegna áforma um 5.500 ha skógrækt í landi Ljárskóga í Dölum sem er til kynningar í Skipulagsgáttinni, mál nr. 0602/2023.

Verkefnið sem um ræðir eru skógræktaráform landeiganda Ljárskóga, landnr. 13576, í Dalabyggð. Jörðin er um 11.000 hektarar en fyrirhugað skógræktarsvæði nær yfir um 5.500 hektara. Fyrstu hugmyndir þeirra sem standa að verkinu eru að gróðursetja í að minnsta kosti 400 hektara árlega. Landinu hefur þegar verið deilt niður í 200 ha reiti og yrði því plantað í amk tvo reiti árlega þar til verkefninu líkur.

Markmið skógræktarverkefnisins er að búa til beitarskóg, byggja upp skógarauðlind í samstarfi við sauðfjárbændur og að græða upp landið ásamt því að vera framlag í baráttunni gegn þeim miklu loftslagsbreytingum sem eru að eiga sér stað. Verkefninu er einnig ætlað að renna stoðum undir atvinnuuppbyggingu í Dalabyggð.

Dalabyggð hefur kynnt sér greinargerð um verkefnið dags. 14. september 2023.

Dalabyggð hefur mótað sér stefnu um skógrækt í sveitarfélaginu í Aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032. Meðal markmiða um landbúnað eru:

- *Efla skógrækt á svæðinu til viðarframleiðslu, útivistar, skjóls og landbóta. Einnig að skógrækt öðlist viðurkenningu sem þýðingarmikil atvinnugrein.*
- *Skógræktarsvæði verði skipulögð með tilliti til hættu af völdum gróðurelda.*
- *Stuðlað verði að verndun votlendis, m.a. með afmörkun hverfisverndarsvæða.*
- *Varast ber notkun tegunda sem ógna líffræðilegum fjölbreytileika í skógrækt.*

Skipulagsákvæðanir um skógrækt á landbúnaðarsvæðum skulu grundvallaðar á flokkun landbúnaðarlands sem taki til alls láglendis undir 200 m h.y.s. Landbúnaðarland í Dalabyggð hefur ekki verið flokkað með tilliti til þeirra viðmiða sem liggja fyrir. Fyrirliggjandi opinber grunngögn hafa reynst ófullnægjandi til að byggja á við flokkunina og stefnumörkun aðalskipulagsins í heild um landbúnaðarland.

Á landbúnaðarsvæðum utan landbúnaðarlands í flokki I er skógrækt heimil, allt að 200 ha, án þess að breyta aðalskipulagi þessu sbr. skipulagsákvæði fyrir landbúnaðarsvæði (kafli 17.13).

Við val á svæðum til skógræktar skal sneitt hjá þekktum náttúru- og menningarminjum sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd og menningarminjar og tryggja verndun líffræðilegs fjölbreytileika, sbr. kafla 5.

Fyrirhugað skógræktarsvæði tekur til 5.500 ha og gert ráð fyrir árlegum áföngum sem verði um 400 ha. Samkvæmt gróflegri kortlagningu í greinargerð verkefnisins hafa um 1.863 ha innan afmarkaðs skógræktarsvæðis verið teknir frá þar sem eru tjarnir, votlendi og minjar. Fram kemur í greinargerð tilkynningar að á fyrirhuguðu skógræktarsvæði séu skilgreind mikilvæg fuglasvæði.

- Skógræktaráformin í landi Ljárskóga eru umfram stærðarviðmið um skógrækt á landbúnaðarsvæðum og kalla á aðalskipulagsbreytingu þar sem skilgreint verður skógræktar- og landgræðslusvæði (SL).

Í gildandi aðalskipulagi eru sett fram eftirfarandi almenn ákvæði um skógræktar og landgræðslusvæði (SL) sbr:

- Við skógrækt skal taka tillit til náttúrulegra gæða, svo sem gróðurfars og búsvæða, sem og menningarminja.
- Gæta skal að því að skerða ekki útsýni til mikilvægra svæða.
- Skógrækt skal ekki raska náttúrufrirbrigðum sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd eða fornminjum skv. lögum um menningarminjar.
- Ekki skal plantað í mýrlendi og þess gætt að ekki skapist hætta á þurrkun tjarna og annarra votlendissvæða. Varast skal að skerða búsvæði vaðfugla.

Ljóst er að við undirbúning slíkrar aðalskipulagsbreytingar þarf að kortleggja umhverfisaðstæður og forsendur á fyrirhuguðu skógræktarsvæði í landi Ljárskóga svo hægt sé að tryggja að skógræktin raski ekki vernduðum vistgerðum sbr. ákvæði aðalskipulags um skógrækt. Fyrirliggjandi kortlagning vistgerða sem aðgengileg er á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands (ni.is) er í mælikvarða 1:25.000 og að mestu byggð á fjarkönnunargögnum (loft- og gervitunglamyndum).¹ Til að útfæra skógræktarsvæði og meta umhverfisáhrif skógræktar er því þörf á vettvangsrannsóknum.

Í ljósi þess að um mjög stórt skógræktarverkefni er að ræða sem tekur til svæða sem falla undir verndarákvæði 61. gr. laga um náttúruvernd og mikilvægra fuglasvæða og líkur á að skógræktin hafi umtalsverð áhrif á umhverfið þá telur Dalabyggð æskilegt að umrædd framkvæmd fari í umhverfismat, sbr. viðmið í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Á það sérstaklega við um stærð og umfang framkvæmdar, nýtingu lands og líffræðilega fjölbreytni, staðsetningu framkvæmdar, verndarsvæði og loks gerðar og eiginleika hugsanlegra umhverfisáhrifa skógræktar.

Niðurstöður umhverfismats skógræktarframkvæmdar munu nýtast til að taka ákvörðun um aðalskipulagsbreytingu fyrir skógræktar- og landgræðslusvæði í landi Ljárskóga.

¹ <https://www.ni.is/is/midlun/utgafa/kort/vistgerdir-og-fuglasvaedi>